

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag fyrir lóðina Laxabraut 11 í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 24. febrúar 2022, deiliskipulag fyrir Laxabraut 11.

Skipulagið markar ramma um stækkun á núverandi fiskeldi á aðliggjandi lóð. Fyrirhugað er seiðaeldi og mögulega þauleldi á laxi eða öðrum fiskitegundum. Fyrirhugað er að reisa mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennislagna, ásamt lagningu vegslóða, vinnuplana og bílastæða.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir lóðina Laxabraut 17 í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 28. apríl 2022, deiliskipulag fyrir Laxabraut 17.

Skipulagið markar ramma um fiskeldi á lóðinni. Áform eru um að reisa mannvirki í formi húsa, kerja, fóðursílóa, súrefnistanka, vatns- og frárennislagna, ásamt lagningu gatna, plana og bílastæða og annað sem fiskeldi á landi krefst. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar og verður frárennli síað og hreinsað áður en það verður leitt til sjávar.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 9. júní 2022.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2022